
Fundargerð



ÍSLENSKI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins, haldinn þann 27. maí 2020,
kl. 17:00 í útibúi Landsbankans, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

Atli Atlason, formaður stjórnar sjóðsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Braga Gunnarsson hdl. í starf fundarstjóra og var það samþykkt án athugasemda. Bragi tók við stjórn fundarins, þakkaði traustið og tilnefndi Ástu Margréti Þórhallsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri kannaði næst lögmati fundarins. Samkvæmt samþykktum sjóðsins, sbr. gr. 6.1., skal stjórn boða til ársfundar með sannanlegum hætti með þriggja vikna fyrirvara. Fundurinn var auglýstur í Morgunblaðinu 5. maí 2020, á vef Íslenska lífeyris-sjóðsins og vef Landsbankans þann 4. maí. Fundarstjóri lýsti því yfir að um eðlilega og lögmæta boðun væri að ræða, engar athugasemdir komu úr sal og lýsti fundarstjóri fundinn löglegan.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktu. Fundarstjóri lagði til að farið yrði yfir fyrstu fjóra dagskrárlíði fundarins áður en opnað yrði fyrir mælendaskrá, engar athugasemdir voru gerðar og var það samþykkt.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning á ársreikningi
3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun
5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn
6. Kosning endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf Atla Atlasyni, formanni stjórnar, orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Hann bauð sjóðfélaga velkomna og þakkaði þeim fyrir að mæta á fundinn. Ræða hans fer hér á eftir:

„Rekstur Íslenska lífeyrissjóðsins gekk sérlega vel á árinu 2019. Sjóðurinn hélt áfram að vaxa og sjóðsfélögum að fjölga. Ávöxtun á árinu 2019 var með því besta í sögu sjóðsins en nafnávöxtun deilda sjóðsins var á bilinu 7,5 til 15,1%. Þá var hrein raunávöxtun samtryggingardeildar 10,2%. Meðalatal hreinnar raunávöxtunar samtryggingardeildar sl. fimm ár er 5,9% og 4,7% sl. tíu ár. Hrein raunávöxtun Líf I, sem er stærsta séreignardeild sjóðsins, var 12,1% á árinu 2019. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar í Líf I sl. fimm ár var 5,9% og 5,8% sl. tíu ár.

Hrein eign til greiðslu lífeyris var 99,2 milljarðar króna í lok árs 2019 og hafði vaxið um 18,8 milljarða króna frá fyrra ári en það samsvarar 23,3% vexti á árinu.

Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings sjóðsins eru heildareignir samtryggingadeildar 1,9% lægri en heildarskuldbindingar en hlutfallið er óbreytt frá fyrra ári. Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins fer nánar yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins hér á eftir.

Sjóðfélögum Íslenska lífeyrissjóðsins hélt áfram að fjölga á síðasta ári. Virkir sjóðfélagar í árslok 2019, þ.e. einstaklingar sem að jafnaði greiða mánaðarleg iðgjöld til sjóðsins, voru 17.144 samanborið við 15.524 á árinu 2018 sem samsvarar til um 10% fjölgun á milli ára. Í lok árs 2019 voru sjóðfélagar, þ.e. þeir sem eiga réttindi í sjóðnum 39.264, samanborið við 37.265 í lok árs 2018 og hafði þeim samkvæmt því fjölgað um tæplega 2.000 á árinu.

Fjöldi virkra lífeyrisþega var 608 talsins ár árinu 2019 samanborið við 531 á árinu 2018. Iðgjöld sjóðfélaga á árinu 2019 námu 10,7 milljörðum króna samanborið við 8,9 milljarða króna á árinu 2018 sem er 19,7% hækkun á milli ára.

Enginn starfsmaður er hjá Íslenska lífeyrissjóðnum en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans sér bankinn um rekstur sjóðsins.

Stjórnin hélt 12 formlega stjórnarfundum á liðnu starfsári auk stefnumótunarfundar stjórnar og ársfundar sem haldinn var í maí.

Samkvæmt samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins er stjórn sjóðsins skipuð fimm einstaklingum, öllum kosnum af sjóðfélögum sjóðsins. Í varastjórn eru

tveir einstaklingar. Í lok ársfundar 2019 voru aðalmenn í stjórn sjóðsins, auk mín, þau Snorri Ómarsson, Þórir Óskarsson, Erla Ósk Ásgeirsdóttir og Una Eypórsdóttir. Varamenn voru Guðríður Sigurðardóttir og Valur Ægisson.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þeim samstarfið á liðnu ári.

Að þessu sinni verður kosið um tvo aðalmenn og einn varamann til þriggja ára. Í framboði til aðalmanns eru Erla Ósk Ásgeirsdóttir og Snorri Ómarsson. Framboðsfrestur aðalmanna er viku fyrir ársfund og þar sem ekki bárust fleiri framboð er ljóst að sjálfkjörið verður í aðalstjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins telur eðlilegt að stjórnarlaun hækki almennt samhliða þróun launavísitölu og leggur því til að stjórnarlaun verði hækkuð úr 101 þúsund kr. í 106 þúsund kr. á mánuði í takt við almenna launaþróun frá mars 2019 – mars 2020 eða um 4,9%.

Sérstök endurskoðunarnefnd starfar hjá sjóðnum og er hlutverk hennar m.a. að sinna eftirliti með endurskoðun ársreiknings sjóðsins og að hafa eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila. Nefndin skilar skýrslu um sín verkefni til stjórnar en fundir endurskoðunarnefndar voru 4 talsins vegna starfsársins 2019. Nefndin er skipuð þremur stjórnarmönnum sem eru Þórir Óskarsson, Una Eypórsdóttir og Valur Ægisson og er Þórir formaður nefndarinnar.

Eins og kunnugt er þá er Íslenski lífeyrissjóðurinn með rekstrarsamning við Landsbankann. Það samstarf hefur gengið vel og verið farsælt. Fjárfestingar sjóðsins hafa verið í höndum Stýringar eigna sem hefur verið sjálfstæð eining á sviði Markaða innan bankans.

Fyrirhuguð er breyting á þessu fyrirkomulagi, en nú í sumar mun stýringin flytjast til dótturfélags Landsbankans, Landsbréfa, en með því er bankinn að flytja alla sjóða- og eignastýringu undir sama þak. Þrátt fyrir breytinguna mun einingin áfram halda sjálfstæði sínu. Flutningurinn hefur ýmsa kosti en með henni munu sérfræðingar Landsbréfa og Stýringar eigna eflast auk þess sem aðskilnaður frá Landsbankanum mun draga úr mögulegum hagsmunaárekstrum.

Samhliða framangreindri breytingu hefur stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins ákveðið að setja sjóðnum sérstakt fjárfestingaráð sem í munu sitja þrjú stjórnarmenn sjóðsins. Starfsreglur fjárfestingaráðs hafa þegar verið samþykktar af stjórn en skipað verður í ráðið á næsta stjórnarfundum sjóðsins. Meginhlutverk

fjárfestingaráðsins er að fylgjast með fjárfestingum sjóðsins og gæta hagsmuna sjóðins og sjóðfélaga gagnvart þeim aðila sem falið er að annast eignastýringu fyrir sjóðinn.

Þessum ársfundi er ætlað að gera upp liðið starfsár, þ.e. ársins 2019. Það verður hins vegar ekki hjá því komist að fjalla aðeins um atburði ársins 2020 og viðbrögð sjóðsins við þeim. Endanlegar afleiðingar vegna Covid-19 liggja ekki fyrir en ljóst er að áhrifin verða gríðar mikil, bæði heilsufarsleg og efnahagsleg. Áhrifin á Íslenska lífeyrissjóðinn eiga eftir að koma fram en stjórnendur sjóðsins hafa eftir megni reynt að verja sjóðinn í þeim ólgusjó sem gengið hefur yfir. Úrræði stjórnvalda um úttekt séreignarsparnaðar vegna Covid-19 hafa einnig áhrif á Íslenska lífeyrissjóðinn. Þegar hafa fjölmargir sjóðfélagar nýtt sér

úrræðið. Framkvæmdastjóri sjóðsins mun fara betur yfir viðbrögð sjóðsins og úttektir séreignarsparnaðar hér á eftir.

Ágætu sjóðfélagar, ég hef hér farið yfir helstu þætti í starfsemi stjórnar á árinu 2019.

Framkvæmdastjóri sjóðsins og sjóðstjóri munu hér á eftir fara yfir rekstur sjóðsins árið 2019 og fjárfestingarstefnur fyrir árið 2020 ásamt nánara yfirliti um ávöxtun einstakra leiða.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka þeim sem hafa starfað með okkur í stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóra, áhættustjóra, forstöðumanni stýringa eigna og hans teymi og öðrum, sem komið hafa að rekstri sjóðsins, fyrir vel unnin störf í þágu hans.“

2. Kynning á ársreikningi

Fundarstjóri gaf því næst Ólafi Páli Gunnarssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, orðið og gerði hann grein fyrir ársreikningi Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2019. Ólafur sagði að ársreikningurinn hefði verið áritaður af óháðum endurskoðanda þann 26. mars 2020. Framkvæmdastjóri fór yfir eignir sjóðsins, sjóðstreymi sjóðsins, vöxt deilda og sögulega raunávöxtun deilda og skiptingu eigna eftir

gjaldmiðlum. Þá kom fram í máli framkvæmdastjórans að talsverður fjöldi sjóðfélaga væri að nýta sér úrræði um sérstaka útgreiðslu vegna Covid-19 og að þegar hefði verið sótt um útgreiðslu á 1,8 ma.kr. frá því að opnað var fyrir umsóknir. Þá vék framkvæmdastjórinn að því að ávöxtun frá áramótum hefði verið umfram það sem búast mátti við miðað við þróun á helstu mörkuðum.

3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Ólafur Frímann Gunnarsson forstöðumaður Stýringar eigna hjá Landsbankanum, gerði þessu næst grein fyrir fjárfestingarstefnu Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2020. Fjárfestingarstefna ársins 2020 var samþykkt af stjórn sjóðsins í nóvember 2019. Stefnan væri mótuð út frá stöðu sjóðsins, aldri sjóðfélaga, markmiðum og áhættuþoli. Fram kom að litlar breytingar hefðu verið gerðar á fjárfestingarstefnu frá fyrra ári, en árið áður hefðu meiri breytingar verið gerðar. Sjóðurinn rekur fjórar aðskildar sjóðdeildir með mismunandi fjárfestingastefnur, þ.e. frá Líf 1 sem er með mestu áhættuna yfir í Líf 4

sem fjárfestir eingöngu í ríkisskuldabréfum. Farið var yfir þróun markaða, sem hefði meðal annars einkennst af lækkunarferli vaxta. Stýrivextir hefðu í byrjun árs verið 4,5% og verið komnir í 3% í lok árs og væru komnir niður í 1% í dag. Talsvert umrót hefði verið á mörkuðum á árinu og íslenskt efnahagslíf hefði litast nokkuð af falli WOW flugfélagsins. Lengi vel hefðu menn búist við hækkun á verðbólgu sem ekki hefði komið. Hlutabréf sem hefðu lækkuð mikið erlendis í lok 2018 hefðu farið að hækka strax í ársbyrjun 2019 og haldið áfram að hækka eftir því sem leið á árið.

4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun

Bjarni Guðmundsson, tryggingarstærðfræðingur sjóðsins, gerði því næst grein fyrir tryggingafræðilegri athugun á samtryggingardeild sjóðsins á árinu 2019 og forsendum hennar. Fram kom að tryggingafræðileg heildarstaða sjóðsins í árslok 2019 væri óbreytt frá fyrra ári en hún væri neikvæð um 1,9%, þ.e. eignir væru lægri en heildarskuldbindingar sjóðsins. Þannig væru eignir 979 milljónum króna lægri en heildarskuldbinding samtryggingadeildar eða -1,9%. Þá væri framtíðarskuldbinding 1,9 milljarða króna umfram eignir eða -6,0%. Þrátt fyrir þetta væri staða sjóðsins innan marka sem áskilin væru í lögum um starfsemi lífeyrissjóða.

Umræður og fyrirspurnir

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir vegna dagskrárliða nr. 1 til 4. Engar spurningar voru bornar upp. Fundarstjóri bar því næst ársreikning ársins 2019 fram til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða. Fundarstjóri kvað orðið vera laust. Árni Tómasson, endurskoðandi, tók til máls og lagði fram þrjár spurningar. Í fyrsta lagi spurði hann um uppgjör á skuldabréfum sjóðsins, hvort þau væru gerð upp á markaðskröfu eða kaupkröfu. Í öðru lagi spurði hann hvort stjórn sjóðsins hefði fjallað um breytingar í íslensku vaxtaumhverfi með tilliti til mögulegra breytinga á fjárfestingastefnum. Í þriðja lagi spurði Árni hvernig sjóðurinn væri að standa sig í samanburði við aðra sambærilega lífeyrissjóði, að teknu tilliti til kostnaðar og uppgjors á skuldabréfum.

Ólafur Páll Gunnarsson framkvæmdastjóri sjóðsins tók til máls og svaraði spurningum Árna. Fram kom

að öll skuldabréf í eigu sjóðsins væru gerð upp á markaðskröfu. Varðandi umfjöllun stjórnar um lækkandi vexti benti framkvæmdastjórnin á að gengið hefði á ýmsu á þessu ári. Stjórnin hefði fjallað um lækkandi vaxtastig og breytingar á umhverfi fjárfestinga. Eins og kunnugt væri hefðu lífeyrissjóðir sameinast um að kaupa ekki gjaldeyri í þrjú mánuði frá mars og fram í júní og að búast mætti við að það tímabil yrði framlengt fram á haustið. Ný fjárfestingarstefna sjóðsins hefði verið samþykkt í byrjun árs 2020 en engar breytingar hefðu verið ákveðnar síðan þá. Enn væri unnið innan þess ramma sem gildandi fjárfestingarstefna kvæði á um. Þá tók Ólafur Frímánn forstöðumaður Stýringar eigna hjá Landsbanknum jafnframt til máls og fór hann lauslega yfir verklag við stýringu eigna lífeyrissjóðsins. Fram kom að alltaf væri erfiðara að erfiðara að ná í áhættulausa 3,5% ávöxtun eins og staðan væri í dag. Stýringin héldi stjórninni vel upplýstri og að þessir hlutir væru unnir í góðri samvinnu stjórnar og rekstraraðila. Árni Tómasson tók aftur til máls benti á að það væri gagnlegt ef lífeyrissjóðir bæru sig saman við hverja aðra að teknu tilliti til mismunandi uppgjorsaðferða. Þannig að ekki sé verið að bera saman epli og appelsínur. Þetta ætti ekki bara við um Íslenska lífeyrissjóðinn heldur allar sjóði. Þá benti Árni að lokum á að ef rekstrarformið væri ekki hagkvæmt þá þyrfi að skoða það. Framkvæmdastjóri sagði tekið yrði til skoðunar með hvaða hætti unnt yrði að koma til móts við þá ósk að tekin væri samanburður á milli sambærilegra sjóða. Það væri að sumu leyti erfitt þar sem sjóðir væru ekki eins en það væri sjálfsagt að taka þetta til skoðunar.

Aðrir tóku ekki til máls.

5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn

Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag kosninga til stjórnar. Samkvæmt samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins er stjórn sjóðsins skipuð fimm mönnum og eru allir stjórnarmenn kosnir af sjóðfélögum. Framboðsfrestur rann út viku fyrir fund. Að þessu sinni verða kosnir tveir aðalmenn til þriggja ára. Kjörtímabili tveggja núverandi stjórnarmanna lýkur á þessum ársfundi, það eru Erla Ósk Ásgeirsdóttir og Snorri Ómarsson. Þau hafa bæði tilkynnt framboð

sitt. Þar sem þau eru ein í framboði eru þau sjálfkjörin. Í varastjórn eru tveir menn báðir kosnir af sjóðfélögum. Að þessu sinni verður kosið um einn varamann. Í framboði sem varamaður í stjórn var Valur Ægisson. Fundarstjóri lýsti eftir fleiri framboðum til varamanna sjóðsins. Engin fleiri framboð bárust og því var Valur því sjálfkjörinn varamaður.

Fundarstjóri kvað orðið laust um þennan lið. Enginn kvað sér hljóðs. Fundarstjóri lýsti þau rétt kjörin.

6. Kosning endurskoðanda

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins leggur til, að fenginni tillögu endurskoðunarnefndar sjóðsins, að endurskoðandi sjóðsins árið 2020 verði kjörin Rýni endurskoðun, Suðurlandsbraut 18. Ekki var gerð athugasemd af fundarmönnum.

Fundarmenn samþykktu tillögu stjórnar og lýsti fundarstjóri Rýni endurskoðun, Suðurlandsbraut 18 því réttkjörinn endurskoðanda Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2020.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum

Tillögur til breytinga á samþykktum þurfa að berast stjórn sjóðsins með skriflegum hætti tveimur vikum fyrir ársfund. Engar tillögur bárust.

8. Laun stjórnarmanna

Gerð var grein fyrir tillögu að launum stjórnar. Hljóðar hún svo:

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins leggur til að stjórnar-laun verði 106.000 krónur á mánuði, tvöfalt fyrir stjórnarformann og ein og hálf stjórnar-laun fyrir varaformann. Varamenn fá greiddar 45.000 fyrir hvern setinn stjórnarfund auk 61.000 króna til viðbótar fyrir hvern fund sem þeir eru boðaðir á í forföllum stjórnarmanns. Mánaðarleg þóknun til varamanns skal aldrei vera hærrí en sem svarar til launa stjórnarmannanna.

Stjórn leggur til að laun fyrir endurskoðunarnefnd og fjárfestingaráð verði sem hér segir:

Laun nefndarmanna (ráðsmanna) verði 52.000 krónur fyrir hvern setinn fund.

Laun formanna verði 78.000 krónur fyrir hvern setinn fund.

Tillagan felur í sér 4,9% hækkun sem er í takt við hækkun á launavísitölu.

Fundarstjóri gaf orðið laust undir þessum lið. Enginn kvað sér máls. Tillagan var samþykkt samhljóma af fundarmönnum.

9. Önnur mál

Fundarstjóri kvað orðið laust. Enginn bað um orðið.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð fundar til að ganga frá fundargerð. Fundarstjóri gaf því stjórnarformanni orðið. Hann þakkaði stjórn og

starfsmönnum fyrir samstarfið á árinu og sagði fundi slitið um kl. 17:55

Sjóðfélagar á fundi voru 18 og vægi atkvæða 0,36%.

Þannig fram farið.

Bragi Gunnarsson, fundarstjóri

Ásta Margrét Þórhallsdóttir, fundarritari
